

# Leikskólinn Drafnarsteinn



## SKÓLANÁMSKRÁ



## Innihald

INNGANGUR .....	3
SAGA SKÓLANS .....	4
DRAFNDARSTEINN .....	5
Ótrúleg eru ævintýrin... Sögur og vísur til málörvunar.....	7
GRUNNPÆTTIR MENNTUNAR .....	9
SAMSTARF OG SAMSKIPTI .....	18
FORELDRASAMSTARF .....	19
STUÐNINGUR Í LEIKSKÓLA og NÁM ÁN AÐGREININGAR .....	21
SAMSTARF MILLI SKÓLASTIGA.....	21
LOKAORÐ .....	23
Heimildir .....	24

## INNGANGUR

Leikskólinn Drafnarsteinn er rekinn af skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar og starfar samkvæmt lögum um leikskóla (nr. 90/2008) og reglugerð um starfsumhverfi leikskóla (nr. 655/2009).

Unnið er samkvæmt aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og skólanámskrá Drafnarsteins 2016.

Lög um leikskóla kveða á um að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í skólakerfinu, er aðalnámskrá leikskóla leiðarvísirinn að því og ætlað að samræma menntun, uppeldi og umönnun leikskólabarna. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru að:

- a. fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- b. veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- c. hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- d. stuðla víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- e. leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- f. rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til manlegra samskipta.

Það er markmið og leiðarljós skóla – og frístundasviðs að í leikskóla sé unnið metnaðarfullt og faglegt starf þar sem hverju barni er mætt á eigin forsendum. Þá er það markmið að byggja upp gott samstarf við foreldra með virkri þátttöku þeirra og að í leikskólum starfi vel menntað og áhugasamt starfsfólk.

Áhersla er lögð á að hver og einn leikskóli starfi sjálfstætt og móti sína eigin hugmyndafræði og uppeldisstefnu, sem starfsmenn fylgja og er löguð að ytri aðstæðum skólans.



## SAGA SKÓLANS



Leikskólinn Drafnarsteinn tók til starfa 2011, sem sameinaður leikskóli Drafnarborgar og Dvergasteins. Drafnarsteinn er sex deilda skóli með 122 börnum. Skólinn starfar í þremur húsum á tveim starfsstöðvum, Seljavegi 12 og Drafnarstíg 4.



Leikskólinn Drafnarborg tók til starfa 13. október 1950 og er það fyrsti leikskólinn sem opnaður er í húsnæði, sem byggt er sérstaklega sem leikskóli. Arkitektar hússins voru Ágúst Pálsson og Þór Sandholt. Rekstraraðili í upphafi var Barnavinafélagið Sumargjöf eða til ársins 1987, þegar Reykjavíkurborg tók við.

Drafnarborg var í byrjun þriggja deilda leikskóli með börnum í hálf dags vistun. Árið 1995 var byggt við húsið og það endurskipulagt. Fyrirkomulaginu var breytt og leikskólinn eftir það tveggja deilda með börnum í blandaðri vistun.

Fyrsta forstöðukonan (leikskólastjóri) var Bryndís Zoëga og gegndi hún því starfi til 1991 eða í 41 ár. Bryndís var fyrst Íslendinga til að nema leikskólakennarafræði en hún útskrifaðist frá Fröbel Höjskole í Kaupmannahöfn árið 1939.



Leikskólinn Dvergasteinn tók til starfa haustið 1998 sem tveggja deilda leikskóli. Haustið 2002 var bætt við leikskólann og hann stækkaður um eina deild, sem tengd er saman við hinar með millibyggingu.

Hönnuður leikskólans er Albina Thordarson, arkitekt.

Haustið 2011 var bætt við húsi á lóðina sem er fjórða deildin í Dvergasteini.

## DRAFNDARSTEINN

Gerð þessarar skólanámskrár byggir á Aðalnámskrá leikskóla (2011), lögum um leikskóla (nr. 90/2008), stefnu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og hugmyndum starfsmanna um leikskóla.

Allir starfsmenn leikskólans koma að gerð þessarar námskrár og var hún unnin á skipulagsdögum, í hópavinnu, af deildarstjórum og stjórnendum. Hún byggir á starfi skólans, mati á starfi og endurskoðun fyrri námskrár.

Í Drafnarsteini er lögð áhersla á að byggja upp frjótt og skapandi umhverfi, þar sem börn fái notið sín og að þau hafi möguleika á að læra af eigin reynslu, í umhverfi þar sem áhugi þeirra og athafnapörf eru virkjuð.

Við leggjum áherslu á mál, málörvun og skapandi starf. Málörvun fer fram í öllu daglegu starfi leikskólans, bæði skipulögðu starfi sem og við aðrar aðstæður. Við leggjum ríka áherslu á fjölbreytt og sveigjanleg vinnubrögð þar sem bæði börn og fullorðnir fá tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið.



Við styðjumst við verkefnið “Ótrúleg eru ævintýrin” sem byggt er á hugmyndafræði um “heildstætt nám” eftir Sigríði J. Þórisdóttur(1993).

Leikskólaárinu er skipt í fjögur tímabil frá hausti fram á vor. Fyrir hvert tímabil er búið til skema fyrir hverja deild þar sem tekið er tillit til aldurs og þroska barnanna.

Tímabilin sem við skiptum leikskólaárinu í eru haust/vetur, jól, þjóðsaga og vor/sumar, sjá mynd.



## Ótrúleg eru ævintýrin... Sögur og vísur til málörvunar



Í námsefninu „Ótrúleg eru ævintýrin“ er fengist við vísur og sögur sem þema eða heild. Efni þeirra og úrvinnsla er tengt sem flestum námsgreinum þannig að vinnan og námið verði sem heildstæðast. Jafnframt er lögð áhersla á að tengja vinnuna, sem í gangi er skapandi starfi og efla um leið málvitund barna og málskilning. Leitast er við að halda í heiðri gamalli menningu, tengja gamla muni og verkfæri, ásamt matarmenningu (Sigríður J. Þórisdóttir, 1993).

Talsmenn kenninganna sem þetta námsefni byggir á, leggja áherslu á að mál og listsköpun séu ekki aðskilin heldur fléttist saman í öllu námi (Sigríður J. Þórisdóttir, 1993).

Verkefni þetta umlykur skólastarfið í heild og er lagað að þeim viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni. Stór hluti skólastarfsins byggir á hugmyndum barnanna og þróun hvers barnahóps fyrir sig. Þrátt fyrir að vefurinn sé unninn af kennurum skólans – þá tekur hann breytingum eftir hugmyndum barnanna.

Helstu markmið námsefnisins eru m.a.:

- að efla málvitund barna, auka orðaforða þeirra, málskilning og leikni í að tjá sig á fjölbreyttan hátt.
- að börn kynnist algengum vísur og sögum.
- að þau kynnist kjarngóðu íslensku áli og geti yfirfært það í daglegt tal.
- að vekja börn til umhugsunar um ýmis fyrirbæri, vekja forvitni þeirra og áhuga.
- að spyrja börn opinna spurninga og hugsa gagnrýnið og skapandi.



## GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR

Sú stefna sem birt er í þessari námskrá er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eru leiðarljós við námskrágerðina.

Þeir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa.

Grunnþættirnir endurspeglast í starfsháttum skólans og þar má finna þá hæfnipætti sem börn í leikskóla eiga að fá tækifæri til að tileinka sér og fléttast inn í allt leikskólastarfið (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 29)

Skipulag hvers dags, viku, mánaðar og starfsárs skóla endurspeglar þá heildarsýn sem grunnþættirnir móta.



## Læsi

Læsi er einn af grunnþáttum aðalnámskrár leikskóla og rauði þráðurinn í okkar starfi. Áhersla er lögð á þekkingu og færni barnsins sem og bernskulæsi og þá þætti sem falla undir skilgreiningu á því, s.s. orðaforða, hugtakabekkingu, málskilning, ritun, hljóðkerfisvitund og bókstafabekkingu. Efniviður s.s. bækur, blöð, ritmál og ritföng er bæði aðgengilegur og sýnilegur börnunum, sem ýtir undir og stuðlar að áhuga þeirra á fjölbreyttum þáttum læsis.

Við leggjum mikið upp úr því að skapa ríkt og gefandi málumhverfi þar sem áhersla er lögð á mál og málörvun og börnum er kennt kjarngott íslenskt mál, hvort heldur sem fyrsta, annað eða þriðja tungumál barnsins. Við vinnum með málörvunarefnið Ótrúleg eru ævintýrin, verkefni um heildstætt nám. Meginmarkmið þess, er að kynna börnum þjóðsögur og ævintýri með fjölbreyttum og innihaldsríkum orðaforða, einnig nýtum við okkur sagnahefð, fréttir og frásagnir. Við tengjum sögurnar öðrum sögum og verkefnum og náum á þann hátt inn á öll námssvið leikskólans.

Málörvun fer fram daglega í öllu starfi leikskólans, bæði í markvissu skipulögðu starfi og við daglegar venjur s.s. við matarborðið og í fataklefa. Á öllum deildum eru daglegar samverustundir með ólíkum áherslum sem miðast við aldur barnanna, s.s. skipulag dagsins, veðurfréttir, fréttatíma og framsögn barna. Á hverjum degi er lesið og sungið með börnunum í stórum og litlum hópum, þar sem unnið er bæði með bundið og óbundið mál. Hlutverk og fyrirmynd fullorðinna er ríkur þáttur í þessu starfi.

### LÆSISSTEFNA – fylgiskjal



## Sjálfbærni og vísindi

Lögð er áhersla á umhverfismennt í leikskólanum. Markmið þess er að gera börnin læs á náttúru og umhverfi og þann fjölbreytileika sem þar býr. Börnin læra um mikilvægi náttúrunnar, um leið er vakin með þeim ábyrgðarkennd gagnvart umhverfinu og lögð áhersla á að þau umgangist það af natni og virðingu. Þetta fléttast inn í leik og starf leikskólans s.s. hópastarf, í vinnu okkar með Ótrúleg eru ævintýrin, í samverustundum, í útivist og vettvangsferðum.



Unnið er árstíðarbundið þar sem fylgst er með þeim breytingum sem verða á náttúrunni hverju sinni eins og gróðri og dýralífi. Starfið helgast af því að fylgjast með hringrás náttúrunnar á hinum ýmsu tímum ársins.

Útivera er stór þáttur í okkar starfi, þar fá börnin tækifæri til að styrkja umhverfisvitund sína, efla hreyfigetu og þor ásamt því að vera mikilvægur þáttur fyrir andlega og líkamlega heilsu.

Með áhuga og forvitni nálgast börnin með vísindalegum hætti viðfangsefni leikskólans. Áhuginn er vakin á stærðum, formum, rými og nytsemi hlutar.

Leikskólinn hefur verið Grænfánaskóli frá árinu 2013 og umhverfismennt er orðin mjög ríkur þáttur í okkar starfi. Börnin kynnast flokkun á öllum deildum og farið er reglulega í Sorpu, sem er í næsta nágrenni skólans. Mjög mikið af okkar efnivið er sóttur í nánasta umhverfi, endurnýttur á þann hátt að börnin læri um gildi þess að fara vel með og spara vatn, rafmagn og pappír og mikilvægi þess að endurvinna og/eða endurnýta.

### Umhverfissáttmáli – fylgiskjal



## Heilbrigði og vellíðan

Í leikskólanum er stuðlað að heilbrigðum lífsháttum, jákvæðum samskiptum, hollu mataræði, hvíld, hreyfingu, öryggi og hreinlæti. Dagskipulag okkar miðast að því að þessum þörfum sé sinnt í öllu daglegu starfi skólans með jákvæðni, gleði og umhyggju að leiðarljósi.

Mikil áhersla er lögð á jákvæð samskipti meðal barna og fullorðinna. Í gegnum leik og starf er börnunum kennt að bera virðingu hvert fyrir öðru og hlusta á skoðanir annarra. Starfsmenn eru fyrirmyndir barnanna sem hvetja þau og styrkja í að efla sjálfsmynd sína.

Lagt er upp úr hollu, fjölbreyttu og næringarríku mataræði. Reglulegir matmálstímar eru í leikskólanum þar sem börnunum eru kenndir góðir borðsiðir í notalegu andrúmslofti.

Hvíld og slökun er á öllum deildum skólans þar sem tekið er tillit til þarfa barnanna á hverju aldurskeiði fyrir sig.



Öll börn leikskólans fara í útivist á hverjum degi, þar sem lögð er áhersla á frjálsa hreyfingu. Skipulagðar hreyfistundir eru á öllum deildum bæði úti og inni og einnig er farið reglulega í vettvangsferðir.

Hugað er vel að hreinlæti, bæði því sem snýr að barninu sjálfu, sem og góðri umgengni almennt.



## Lýðræði og jafnrétti

Í leikskólanum eru góð samskipti, vinátta og virðing höfð að leiðarljósi og teljum við mikilvægt að skapa umhverfi þar sem ríkir öryggi og vellíðan. Skipulag, leikefni og efniviður leikskólans höfðar til allra nemenda án þess að sýna staðlaðar kynjamyndir. Lögð er áhersla á að gæta jafnræðis í framkomu og viðmóti við börnin og stuðlað er að vináttu og samleik þeirra svo allir fái notið sín.



Eitt af markmiðunum er að gera börnin meðvituð um margbreytileika mannlífsins, menningu sína og annarra. Mikilvægt er að allt starfsfólk leikskólans séu góðar fyrirmyndir, aðstoði börnin við að tileinka sér gagnrýna hugsun og styrkja þau sem þátttakendur í lýðræðissamfélagi.

## Jafnréttisáætlun sem fylgiskjal



## Sköpun og menning

Skapandi starf er einn sterkasti þáttur leikskólans. Mikið er lagt upp úr hvetjandi umhverfi þar sem hlustað er eftir hugmyndum barnanna og áhuga, að þau byggi á sinni reynslu, kanni og prófi sig áfram. Áhersla er lögð á frjálsa vinnu, á ferlið sjálft og börnunum gefið tækifæri til að sýna og kynna verk sín. Nánasta umhverfi skólans er nýtt í allri skapandi vinnu þar sem efniviðurinn er opinn, fjölbreyttur og aðgengilegur börnunum.

Listasmiðjan er fastur liður í starfi skólans. Þangað koma öll börn minnst vikulega, og oftar þegar þau eldast. Þar er lögð áhersla á skapandi starf þar sem kennari leiðir hugmyndavinnu barnanna og gagnrýnin hugsun er höfð að leiðarljósi



Kennari í listasmiðju vinnur náið með kennurum á öðrum deildum og tekur því þemavinnu inn í listasmiðjuna. Mikil áhersla er lögð á tjáningu gegnum teikningu og málun. Í listasmiðju er efnisveita með óhefðbundnum efnivið sem er sýnilegur og aðgangur að henni frjálss.

Einu sinni í viku er listasmiðjan í vali. Börn sem hana velja eru þá í eina og hálf klst í senn. Lögð er áhersla á uppsetningu og frágang verka sem eru sýnd í alrými skólans. Börnin eiga sína möppu í listasmiðju sem þau fá afhenta við útskrift.

Farnar eru menningarferðir með elstu börnin á listasöfn þar sem börnin fá fræðslu um verkin sem þau skoða. Síðan er unnið markvisst úr sýningunni í listasmiðju og verkin þeirra sýnd í skólanum.

Í listasmiðju er lögð áhersla á skapandi hugsun og hvernig hægt sé að vinna hugmyndir barnanna. Kennarinn er því leiðandi og skiptir útkoman ekki endilega máli heldur ferlið sjálft.



Í leikskólastarfinu er sköpun og menningu sinnt á margvíslegan hátt. Leitast er eftir að kynna fyrir börnunum margbreytileika þessara þátta t.d. með leikrænni tjáningu,

Á undanförunum árum hafa skapast hefðir og menning sem hafa fest sig í sessi og eru orðnir fastir liðir í starfi skólans:

- ✚ Bókmenntamánuðurinn október
- ✚ Dagur íslenskrar tungu (16. nóvember)
- ✚ desember (jólaleikrit)
- ✚ Jólaball/jólamatur
- ✚ Upphaf þjóðsöguvinnu (7.janúar)
- ✚ Bóndadagur/þorrablót
- ✚ Bolludagur, sprengidagur, öskudagur
- ✚ Sinfóníutónleikar
- ✚ Útskriftaferð, elstu börnin
- ✚ Útskrift og útskriftaveisla
- ✚ Heimsóknir í listasöfn



## **SAMSTARF OG SAMSKIPTI**

Starfsmannastefna Drafnarsteins tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar – starfsmannastefnu Skóla- og frístundasviðs.

Í leikskólanum er starfandi stjórnunarteymi sem samanstendur af leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjórum. Teymið hittist reglulega til að ræða saman, taka ákvarðanir um innra skipulag og áherslur í starfi skólans.

Deildarstjórar bera fulla ábyrgð á stjórnun deilda og samskiptum við foreldra. Haldnir eru reglulegir fundir á deildum til að veita gott upplýsingaflæði og gefa starfsmönnum tækifæri til að tjá sig og hafa áhrif á leikskólastarfið.

Í leikskólanum er stefnt að góðri símenntun starfsmanna til uppbyggingar á því lærdómssamfélagi sem skólinn á að vera.

## **SAMSKIPTI – VINÁTTA – VIRÐING**

Samskipti, vinátta og virðing er það sem haft er að leiðarljósi í allri umgengni við börn, foreldra og starfsfólk.

Sameiginlegir matsfundir eru haldnir reglulega þar sem fyrirfram ákveðnir þættir eða starfið í heild er metið.

Í leikskólanum eru sex skipulagsdagar á ári og eru þrír þeirra í tengslum við starfsdaga grunnskólans.



## FORELDRASAMSTARF

### FJÖLSKYLDAN OG LEIKSKÓLINN

Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna. Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi. Þar ber leikskólakennurum og öðru starfsfólki að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu. Samstarf starfsfólks leikskóla og foreldra þarf að byggjast á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hverra annarra. Mikilvægt er að á milli þessara aðila ríki traust, þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn (Aðalnámská leikskóla, 2011 bls. 48).

Gott foreldrasamstarf er einn af mikilvægustu þáttunum í starfi leikskólans. Í Drafnarsteini byggir það fyrst og fremst á góðum daglegum samskiptum og upplýsingaflæði.

Mikilvægt er að allar upplýsingar um barnið, líðan þess og hagi komist vel til skila.

Verði breytingar í lífi barnsins þarf að upplýsa um þær, bæði frá foreldrum og einnig af skólans hálfu. Nauðsynlegt er að alltaf taki fullorðin manneskja á móti barni þegar það kemur og sé látin vita þegar barnið er sótt. Aldrei má skilja barn eftir eða sækja nema með vitund starfsmanna. Góðar móttökur og kveðjustundir eru mikilvægur þáttur í starfi skólans.

### Aðlögun barna

Þegar barn byrjar í leikskóla eru foreldrar boðaðir í viðtal hjá stjórnendum skólans, leikskólinn kynntur, gengið frá pappírur og upplýsingar veittar. Gert er ráð fyrir að aðlögun taki um viku.

Í Drafnarsteini er stuðst við hugmyndafræði um þátttökuaðlögun, sem gengur í grunninn út á að gera aðskilnað barna og foreldra auðveldari. Barnið lærir á nýtt umhverfi af öryggi þar sem foreldrar eru virkir þátttakendur í aðlöguninni. Foreldrar hafa um leið tækifæri til að kynnast starfinu og starfsfólki.

### Foreldrafundir

Kynningafundir eru haldnir á hverri deild að hausti, þar sem vetrar- og deildarstarfið er kynnt. Helstu upplýsingar gefnar og starfsemi skólans rædd.

### Foreldraviðtöl

Almenn foreldraviðtöl eru einu sinni á ári en foreldrar geta óskað eftir fleirum ef þess er óskað. Foreldrar elstu barna fá tvö viðtöl. Eitt að hausti og eitt að vori.

Öllum foreldrum, sem eru af erlendum uppruna, er boðið upp á túlkapjónustu í viðtölum, á fundum og öðrum aðstæðum þar sem þeir þurfa á að halda.

## FORELDRAFÉLAG

Foreldrafélag er starfandi í Drafnarsteini, sem hefur það að markmiði að standa fyrir fræðslu, skemmtunum og annarri tilbreytingu, sem fellur utan ramma hins daglega leikskólastarfs. Einnig er markmið foreldrafélagsins að stuðla að aukinni samvinnu foreldra og starfsfólks.

Starfsemi foreldrafélagsins er fjármögnuð með félagsgjaldi. Félagsgjald er ákveðið á aðalfundi og stjórn sendir út greiðsluseðla á foreldra.



## FORELDRARÁÐ

í Drafnarsteini er starfandi foreldraráð, sem starfar samkvæmt lögum um leikskóla.

*Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.*

*Lög um leikskóla IV kafli, 11gr. 2 mgr.*

## TRÚNAÐUR

Samkvæmt lögum um leikskóla eru starfsmenn bundnir þagnaskyldu...

*um hagi barna og foreldra þeirra, sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum.*

*Þagnarskylda starfsfólks leikskóla nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Skal leikskólastjóri brýna skyldur þessar fyrir starfsfólki og sérstaklega tilkynningarskyldu þess samkvæmt barnaverndarlögum.*

*Lög um leikskóla III kafli, 8gr*

## STUÐNINGUR Í LEIKSKÓLA og NÁM ÁN AÐGREININGAR

Í leikskólann Drafnarstein eru öll börn velkomin. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar og börn er þurfa aukinn stuðning fá þjónustu, sem stuðlar að því að þeim líði sem best í leikskólanum og að þau fái sömu tækifæri til náms og önnur börn. Stuðningurinn er bæði veittur inni á deild og í einstaklingsþjálfun. Sérkennslustjóri í Drafnarsteini ber ábyrgð á skipulagi sérkennslunnar, faglegu starfi og er í samstarfi við foreldra og starfsmenn þjónustumiðstöðar og annað fagfólk. Öll börn, sem eru með einhverskonar þroskafrávik, eiga rétt á einstaklingsnámskrá sem unnin er í samstarfi leikskóla og foreldra og lögð er áhersla á markvissa vinnu með skýrum markmiðum. Um leið og barn greinist með frávik í þroska er gripið til íhlutunar og markviss vinna sett í gang til að koma til móts við barnið. Unnið er í samstarfi við foreldra og fagfólk þjónustumiðstöðar ef um hugsanleg þroskafrávik er að ræða. Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborg og Hlíðar er sú þjónustumiðstöð sem leikskólinn er í mestum samskiptum við.

Sérkennslufundir og teymisfundir eru haldnir reglulega, þar sem fjallað er um málefni sérkennslubarna og annarra sem þurfa sérstaka umræðu.

Fundi þessa sitja sérkennslustjóri, deildarstjórar þeirra deilda, sem málið varðar, ásamt viðkomandi sérfræðingum. Leikskólastjórar sitja þessa fundi eftir þörfum.

## SAMSTARF MILLI SKÓLASTIGA

„Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Að ljúka leikskólanámi og byrja í grunnskóla felur í sér breytingar fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Mikilvægt er að nám og uppeldi í grunnskóla byggist á fyrri reynslu og námi barna, til að skapa þeim öryggi og ný námstækifæri. Þannig þarf sú þekking og þau viðfangsefni, sem börnin voru að fást við í leikskólanum, að verða grunnur sem grunnskólanámið byggist á, jafnframt því sem þau fá tækifæri til að takast á við ögrandi verkefni og öðlast nýja reynslu.“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 50)

Leikskólinn Drafnarsteinn hefur verið í samstarfi við Vesturbæjarskóla.

Markmiðið með því samstarfi er að brúa bilið milli skólastiga og stuðla að samfellu í námi barna.

Samstarf þetta byggir á fundum kennara, heimsóknnum milli skóla og upplýsingagjöf um börn.

Einnig er frístundin heimsótt.

Í Drafnarsteini eru unnið að sérstökum verkefnum með elstu börnunum. Markmiðið með því er að veita börnunum undirstöðuþekkingu og færni fyrir áframhaldandi nám.

**Námskrá 5 ára barna fylgir með**

## **SAMSTARF VIÐ NÆRUMHVERFI**

Við leggjum upp úr því að eiga gott samstarf við stofnanir í hverfinu og förum reglulega í heimsóknir í Sjóminjasafnið, Þjóðminjasafnið, Norræna húsið og á fleiri áhugaverða staði.

Við eigum í markvissu samstarfi við Myndlistaskólann Reykjavík og Borgarbókasafn Reykjavíkur.

### **Börn**

#### **Innra mat og matsaðferðir**

Með mati á leikskólastarfinu er lagður faglegur grunnur að endurbótum og gæðum í leikskólanum. Markmið matsins er að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Auka gæði náms og stuðla að umbótum. Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í Drafnarsteini fer mat fram á deildarfundum, skipulagsdögum og deildarstjórafundum. Metnir eru bæði einstakir þættir og starfið í heild sinni. Metið er út frá skipulagi hvers verkefnis fyrir sig.

Mat fer fram á stöðu og þroska barna. Fyrir foreldraviðtöl á hverju ári, leggja kennarar mat á alla þroskaþætti barnsins, færni og félagslega stöðu. Fyrir elstu börnin leggjum við Hljóm- 2, sem er athugun á hljóðkerfisvitund og fyrir börn á fjórða ári leggjum við Efi-2, málþroskaskimun. TRAS , skráning á málþroska ungra barna, er notað á öllum deildum og fylgir því börnunum frá upphafi leikskólagöngu.

Öll þessi próf eru tekin með samþykki foreldra.

18. gr. Innra mat.

Leikskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

19. gr. Ytra mat sveitarfélaga.

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. [Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að taka við upplýsingum samkvæmt grein þessari.] 1)

Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

1)L. 91/2015, 10. gr.

20. gr. Ytra mat [ráðuneytisins].1)

[Ráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um starf leikskóla á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 19. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að annast verkefni samkvæmt þessari grein.] 2)

[Ráðuneytið] 1) gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara, aðalnámskrár leikskóla og aðra þætti skólastarfs.

Ráðherra setur reglugerð 3) um innra og ytra mat og upplýsingaskyldu sveitarfélaga að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga (Lög um leikskóla, nr. 90/2008).

## LOKAORÐ

Námskrá þessi er leiðarljós og rammi um leikskólastarfið og gefur sýn á hvernig unnið er í Drafnarsteini. Henni er einnig ætlað að vera hjálpartæki við skipulag og mat á leikskólastarfinu.



## Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011 /2011.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

Sigríður J. Þórisdóttir. (1993). *Ótrúleg eru ævintýrin*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

(Sigríður J. Þórisdóttir, 1993).

